



Hjálparstarf
kirkjunnar
Starfsskýrsla 2014-2015

Hjálparstarf kirkjunnar

Starfsskýrsla 2014 - 2015

Aðalfundur

26. september 2015

haldinn í Grensáskirkju



Hjálparstarf
kirkjunnar



THE
LUTHERAN
WORLD
FEDERATION

actalliance

Efnisyfirlit

Inngangur	4	Sjálfstyrkingarnámskeið og hópastarf	20
Þróunarsamvinna	5	Talsmannshlutverk Hjálparstarfs kirkjunnar	21
Indland	5	Samráðshópur um málefni utangarðsfólks	21
Sameinaða indverska kirkjan – skóli og heimavist fyrir fátæk börn	5	Velferðarvaktin	21
Eþíópía	7	Starfshópur um endurskoðun laga um málefni fatlaðs fólks og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga	21
Lúterska heimssambandið og eþíópíska evangelíska Mekane Yesus-kirkjan – tryggara lífsviðurværi íbúa í Sómalífyki	7	EAPN – European Anti Poverty Network á Íslandi	21
Úganda	10	Samstarf og fundir	22
RACOBABO og Lúterska heimssambandið – bætt lífskjör HIVsmitaðra, alnæmissjúkra, aðstandenda þeirra og eftirlifenda	10	Aðili að Almannaheillum	22
Neyðaraðstoð	12	Aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands	22
Samstarf og fundir um þróunarmál	12	Fræðsla og fjáröflun	25
Samstarfsfundur kirkjutengdra hjálparstofnana á Norðurlöndum	12	Útgáfa	25
Samráðsvettvangur íslenskra mannúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu, SÍMAH	12	Fréttablaðið <i>Margt smátt ...</i>	25
Samstarfsráð utanríkisráðuneytisins	13	Vefsíðan help.is og Facebook	25
Þróunarsamvinna ber ávöxt	13	Fræðsla	25
Breytendur – Changemaker á Íslandi	14	Heimsóknir til hópa	25
Verkefni innanlands	16	Rödd í miðlum	25
Efnislegur stuðningur	17	Fjáröflun	25
Inneignarkort í matvöruverslanir	17	Fermingarbarnasöfnun	25
Jólaaðstoð	17	Jólasöfnun	26
Aðstoð vegna kaupa á lyfjum og gleraugum	18	Páskasöfnun	26
Fataúthlutun – ómetanlegt framlag öflugra sjálfboðaliða	18	Vefsíðurnar gjofsemgefur.is og framlag.is	26
Velferð barna	18	Friðarljós	26
Framtíðarsjóður	19	Fjáröflun sókna	26
Valdefling	19	Aðrar fjáröflunarleiðir	26
Ráðgjöf	19	Fjármál	27
		Söfnunarfé og útgjöld	27
		Framlög til verkefna	27
		Skipulag, stjórn og starfsfólk	28
		Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar	29

Inngangur

„Þróunarsamvinna virkar – hjálparstarf ber árangur,“ sagði Hans Rosling læknir, tölfræðigurú og mannvínur í fyrirlestri sínum um lífsskilyrði fólks víða um heim sem hann flutti í Hörpu í september 2014. Rosling sagði tölfræðina sýna að meðalævi jarðarbúa væri að lengjast, barnadaudi að minnka, menntun og skólaganga væru í sókn, jarðarbúum væri hætt að fjölga eins og áður og að fólksfjöldi myndi komast í jafnvægi síðar á öldinni.

Rosling sagði hins vegar að þótt fátækt í heiminum hefði minnkað og hagvöxtur víða átt sér stað væri aukin misskipting innan samfélaga áhyggjuefni. Um hættur sem stöðja að mannkyni nefndi Rosling meðal annars stríð, öfgakenndar loftslagsbreytingar sem afleiðing af hlýnun jarðar, lífskjör þeirra sem búa við sára fátækt og fjandsamleg og óstöðug fjármálakerfi í heiminum.

Markmið Hjálparstarfs kirkjunnar er að bæta lífskjör þeirra sem búa við sára fátækt. Hvort sem það er á Íslandi þar sem ákveðnir hópar í samfélaginu sitja eftir nú þegar við erum almennt að rétta úr kútnum eftir kreppu eða meðal sára fátæks fólks í fátækari löndum heims er það meginmarkmið Hjálparstarfsins að veita fátækum neyðar- og þróunaraðstoð. Hvar sem við störfum tvínum við saman efnislegan stuðning og valdeflandi verkefni sem leiða til sjálfshjálpar og þar með til sjálfbærni.

Samhugur almennings á Íslandi sést í góðum stuðningi við starfið. Með kærum þökkum!

*Bjarni Gíslason
framkvæmdastjóri*

Þróunarsamvinna

Í september árið 2000 samþykktu Sameinuðu þjóðirnar 15 ára áætlun í þróunarmálum með svokölluðum þúsaldarmarkmiðum. Margt hefur áunnist þótt öllum markmiðunum hafi ekki verið náð. Þannig hefur þeim sem búa við sára fátækt fækkað um 700 milljónir, árangur hefur náðst í baráttu við sjúkdóma, barna- og mæðradauða, aðgengi að vatni hefur stórkæmt og nú komast stúlkur í auknum mæli í skóla til jafns við drengi.

Við lok árs 2015 munu *Heimsmarkmiðin*, sjálfbær þróunarmarkmið, taka við af þúsaldarmarkmiðunum og er ríkjum heims ætlað að ná þeim fyrir árið 2030. Nýju markmiðin fela í sér kröfu um verndun vistkerfa og hnattræna samstöðu um sjálfbæra þróun um leið og barist er gegn fátækt, hungri og vannæringu. Þau reyna á samkomulag í loftslagsmálum þar sem þjóðir heims takmarka losun gróðurhúsalofttegunda og að ríkari þjóðir fjármagni þróunarsamvinnu sem eykur hagvöxt meðal fátækari þjóða og þar með farsæld í heiminum öllum.

Í áætlun sem liggur fyrir alþingi um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands árin 2016–2019 er yfirmarkmið að draga úr fátækt og stuðla að almennri velferð á grundvelli jafnréttis og sjálfbærrar þróunar. Framtíðarsýnin í áætluninni er sjálfbær og réttlát veröld þar sem mannréttindi eru virt og allar manneskjur hafa tækifæri og getu til að uppfylla réttindi sín og þarfir. Þróunarsamvinna Íslands á að endurspeglar gildi sem íslenskt samfélag hefur í heiðri: Virðingu fyrir mannréttindum og lýðræði, fjölbreytni mannlífs, umburðarlyndi og réttlæti.

Markmið Hjálparstarfs kirkjunnar eru í fullum samhljómi við markmið Sameinuðu þjóðanna og áætlun Íslands um þróunarsamvinnu: Að létta á örbirgð og efla virðingu fyrir mannréttindum fólks sem býr við fátækt og óréttlæti. Í starfinu er haft að leiðarljósi að það leiði til sjálfshjálpar, jafnréttis og sjálfbærrar þróunar í samfélagunum sem starfað er með.

Indland

Þótt Indverjar hafi búið við góðan hagvöxt og séu að mörgu leyti mjög framarlega í samfélagi þjóðanna er þar gríðarleg stéttaskipting og mismunur sem ekki hefur tekist að leiðrétta. Um 200 milljónir íbúa tilheyra dalítum, hinum stéttlausu. Börn dalíta eru í sérlega viðkvæmri stöðu í samfélaginu og eru markhópur Hjálparstarfs kirkjunnar.

Sameinaða indverska kirkjan – skóli og heimavist fyrir fátæk börn

Sameinaða indverska kirkjan, United Christian Church of India eða UCCI, hefur í rúm 30 ár hjálpað fátæku fólki og börnum þeirra með því að halda úti skólastarfi og heimavist



ásamt matargjöfum og spítalarekstri í Andhra Pradesh-fylki. Hjálparstarf kirkjunnar hefur í 25 ár stutt starfið með því að kosta börn í skóla og heimavist ásamt því að senda stök framlög vegna viðhalds og byggingar og til starfsemi spítalans.

Börnin sem styrkt eru til náms eiga öll sameiginlegt að hafa búið við algjöra örbirgð og mörg þekkja af eigin raun þrælavinnu í grjótnámum, í tehusum, við vefnað, á verkstæðum og við múrsteinagerð þar sem aðstæður eru ómannúðlegar. Flest börnin ganga í



Emmanúelskólann í þorpinu Kethanakonda. Nokkur eru í Janet English Medium School, yngrideildaskóla á sama stað, þar sem kennt er á ensku og loks styður Hjálparstarfið ungmenni til náms í iðn- og verkþjálfunarskóla.

Emmanúelskólann sækja alls um 700 heimavistarnemendur á aldrinum 5–17 ára. Skólinn fylgir almennri námskrá fylkisins en 22 kennarar eru við skólann. Kennt er á telugu, máli héraðsins. Skólahús eru hreinleg með helsta skólabúnaði þótt ekki séu allar stofur búnar bekkjum og borðum.

Í skólanum fá börnin þrjár máltíðir á dag og eftirmiðdagskaffi. Þess er gætt að máltíðir séu vel samsettar af nauðsynlegum næringarefnum. Börnin matast sitjandi í beinum röðum á gólfinu og nota eigin disk sem þau þvo og gæta milli mála. Eftirlit er með heilsu barnanna á spítala

UCCI. Vari veikindi lengur en í 3–4 daga eru börn send heim í umsjá foreldra sinna en fá send lyf með sér heim. Verði slys er hlúð að viðkomandi á spítala UCCI en eftir það eru börn send heim meðan þau eru að ná sér að fullu. Börnin fá fatnað og skóladót á hverju ári.

Tíu starfsmenn auk kennara starfa við Emmanúelskólann til að sinna börnunum utan kennslu. Þeir kenna umgengni, hjálpa við heimalærdóm og undirbúning fyrir próf, kenna um samfélagslegar skyldur og fleira. Þeir veita grunnráðgjöf og stuðning þótt ekki sé um faglega sálfræði- eða félagsráðgjöf að ræða. Mikið er um dans, söng, leiki og leiklist. Kristið trúarlíf er áberandi við skólann enda samtökin kristileg. Þó er haldið upp á ýmsar hátíðir hindúa og engin skilyrði eru um að börn gerist kristin í skólanum né er valið inn í skólann á forsendum trúar. Foreldrar koma og biðja um skólavist fyrir börnin. Einnig sækja þorpsleiðtoga og aðrir um pláss fyrir hönd bágstaddra fjölskyldna.

Hjálparstarfið tryggir greiðslur fyrir stuðningi við ákveðinn fjölda barna og leitar svo til styrktarmanna sem hafa fengið heitið *Fósturforeldrar* um framlög. Með þessu fyrirkomulagi þurfa Fósturforeldrar aldrei að ákveða hvort barn kemst í skóla og heldur ekki að bera ábyrgð á því að barnið verði sent heim þurfi þeir að hætta stuðningi. Fyrirkomulagið tryggir þannig stöðugleika í skólagöngu barnanna.

Fósturforeldrar fá árlega upplýsingar um námsárangur, nýja mynd og jólakveðju. Þeir geta skrifað barninu og sent því smágjafir. Börnin eru þó fæst orðin svo góð í ensku að þau geti svarað frá eigin brjósti fyrr en þau eru orðnir unglingar. En menntun býr með börnunum það sem eftir er og hefur margvísleg áhrif á möguleika þeirra og ákvarðanir sem munu hjálpa þeim til að lifa farsælla lífi en ella.

Á þessu starfsári styrktu Hjálparstarf kirkjunnar og um 300 íslenskir fósturforeldrar alls 377 börn til skólavistar, 37 þeirra ganga í skóla en eru ekki á heimavist, 70 börn eru í skóla og á heimavist og 270 ungmenni eru í bóklegu eða verklegu framhaldsnámi. Við skólann er einnig rekin sjúkrastofa fyrir nemendur jafnt sem fátæka íbúa í nágrenni. Alls var 22.146.909 krónum varið til verkefninsins starfsárið 2014–2015.



Eþíópía

Þrátt fyrir töluverðan hagvöxt undanfarin ár var Eþíópía númer 173 af 187 ríkjum á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna árið 2014 á meðan Ísland var í þrettánda sæti. Íbúar Eþíopíu telja um 90 milljónir en 80% þeirra búa í dreifbýli og hafa lífsviðurværi af landbúnaði sem háður er úrkomu en hún er af mjög skornum skammti.

Sómalífylki í Austur-Eþíopíu er eitt af fjórum fátækustu fylkjum í landinu. Það þekur 144 þúsund ferkílómetra og þar búa yfir 5 milljónir sjálfsþurftarbænda og hálfhvirðingja. Grunnstoðir samfélagsins eru veikar og fjarskipti og samgöngur eru léleg. Tíðir þurrkar valda viðvarandi matarskortum og vannæringu í fylkinu. Um 1 milljón íbúanna er háð mataræstoð að staðaldri.

Búfjárrækt með kameldýr, kindur, geitur og nautgripi er undirstöðuatvinnugrein í fylkinu en þar sem skilyrði eru til er einnig ræktað maís, hirsir, hveiti, bygg og khat. Vatnsskortur í fylkinu hefur leitt til lélegs ástands bústofnsins en dýralæknaþjónusta er stopul. Skortur er á tækjum og tólum og því eru ræktunaraðferðir í jarðrækt takmarkaðar. Allt leiðir þetta til þess að fæðuöryggi er mjög takmarkað og lífsskilyrði slæm.

Lúterska heimssambandið og eþíópíska evangelíska Mekane Yesus-kirkjan – tryggara lífsviðurværi íbúa í Sómalífylki

Í Jijiga- og Tuluguladehéruðum í Sómalífylki vinnur Hjálparstarfið á 8 svæðum (kebele) með 34.710 sjálfsþurftarbændum og hálfhvirðingjum. Starfið á svæðinu hófst í nóvember 2007 en áætlað er að yfirstandandi verkefni ljúki árið 2017.

Samstarfs- og framkvæmdaraðili er Lúterska heimssambandið og Eþíópíska evangelíska Mekane Yesus-kirkjan. Verkefnið var þróað í nánú samstarfi við íbúa og opinbera aðila í héruðunum. Það hefur skipt miklu um góðan framgang verkefnisins og byggt upp þekkingu á staðnum. Verkefnið er langstærsta erlenda verkefni Hjálparstarfsins til þessa en alls var 62,3 milljónum króna varið til þess á starfsárinu 2014 – 2015. Utanríkisráðuneyti fjármagnaði 70% verkefniskostnaðar en 30% fjármagns var aflað meðal almennings í söfnunum.

Meginmarkmið verkefnisins er að bæta fæðuöryggi og framfærslumöguleika markhópsins með því að auka aðgengi að vatni, stuðla að betri ræktunaraðferðum og meiri framleiðni. Í upphafi verkefnisins höfðu 19% markhópsins aðgang að drykkjarhæfu vatni. Stefnt var að því að 38% hefðu aðgang að drykkjarhæfu vatni í lok árs 2014 en

hlutfallið varð 48%. Árangur í að auka aðgengi að hreinu vatni á síðasta ári fór því vel fram úr áætlun.

Meðal annars vegna nýrra korntegunda og bættra ræktunaraðferða varð uppskeran um 50% betri á árinu 2014 en á árinu 2013. Í kjölfar þjálfunar dýraliða er heilsa búfjár miklu betri og þjónustan er komin miklu nær fólkinu. Áður tók 2–4 klukkustundir að sækja þjónustu fyrir dýrin en nú tekur það 10–15 mínútur.

Konur á verkefnasvæðunum hafa takmarkað vald yfir landi, búfénaði og peningum og hafa því fá tækifæri til að taka ákvarðanir sem varða líf þeirra. Valdleysið hefur neikvæð áhrif á heilsu og lífsafkomu kvennanna og þar með samfélagsins alls. Stór þáttur í verkefninu er því að efla völd og áhrif kvenna, samfélaginu öllu til farsældar.

Í upphafi ársins 2014 höfðu 5% kvennanna sem verkefnið nær til stundað atvinnu sem gaf þeim tekjur en eftir fræðslu og lán til framkvæmda úr verkefnissjóði voru 15% kvennanna með tekjuskapandi starfsemi í lok árs 2014 en 180 konur fengu lán til atvinnu-starfsemi á árinu.



Í matsskýrslu sem óháður aðili gerði í mars 2014 að beiðni utanríkisráðuneytisins var fjallað um góðan árangur verkefnisins en einnig bent á að auka mætti aðgengi að hreinu vatni enn frekar á þeim verkefnissvæðum þar sem ekki er hægt að handgrafa brunna með því að bora eftir vatni með stórvirkum borum í stað þess að grafa vatnsþrær.

Í kjölfar skýrslunnar lét Hjálparstarfið gera hagkvæmnirannsókn á verkefnasvæðunum sem um ræðir; Dualenamud, Hassen Dobe, Gumburka Hare og Chidile en meginniðurstaða hennar var að vegna þess hve jarðvegur er erfiður á svæðunum og mikils kostnaðar við að bora með stórvirkum borum væri raunhæfast að grafa þar vatnsþrær (birkur). Til stóð að grafa alls fjórar birkur á árinu 2015 en hætt var við að grafa eina þeirra þar sem fjármagna þurfti hagkvæmnirannsóknina. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun verða því þrjár birkur grafnar á seinni hluta árs 2015.

Framkvæmdastjóri og upplýsingafulltrúi fóru í eftirlitsferð í lok apríl 2015 ásamt tveimur kvikmyndagerðarmönnum sem unnu að gerð fræðslumyndar um verkefnið fyrir söfnun tilvonandi fermingarbarna árið 2015. Komið var við í 6 kebeleum af þeim 8 sem verkefnið fer fram er í. Rætt við fjölmargar konur sem hafa tekið þátt í fræðslu um sparnað og fengið lán til atvinnustarfsemi. Þær staðfestu undantekningalaust breytta stöðu sína, aukin áhrif og meiri virðingu sem fylgir því að afla eigin tekna.

Markmið verkefnisins og framkvæmd í hnotskurn:

1. Að bæta heilsufar með aðgengi að drykkjarhæfu vatni og auknu hreinlæti

- Grafa vatnsþrær og brunna, reisa kamra og búa til áveituskurði
- Fræða um mikilvægi hreinlætis
- Þjálfar í stjórnun vatnsbóla

Gert 2014 og fyrstu 6 mánuði 2015:

- fjórar vatnsþrær grafnar en úr þeim fá um 6000 manns og 7500 skepnur vatn
- þrír brunnar byggðir sem þýðir drykkjarvatn fyrir um 3000 manns og 5000 skepnur, fjórði brunnurinn er í byggingu og verður tilbúin um haust 2015
- 480 manns frá 14 þorpsklösum (kebeleum) fengu fræðslu um vatnsbúskap, hollustuhætti og hreinlæti
- 12 kamrar voru reistir sem 420 manns nota nú
- 1 vatnssöfnunartankur við grunnskóla reistur fyrir 286 nemendur og 350 íbár njóta góðs af

2. Að tryggja aðgengi að fæðu – 2000 kcal á mann

- Auka framleiðslu og framleiðni í búfjárrækt og jarðyrkju
- Efla vatns- og jarðvernd
- Þjálfa í vinnuaðferðum

Gert 2014 og fyrstu 6 mánuði 2015:

- 828 karlar og konur fengu þjálfun í vinnuaðferðum í landbúnaði
- Mismunandi og endurbættum fræjum var dreift til fjölda bænda
- 490 bændur fengu annað hvort plóga eða skóflur til landbúnaðarstarfa
- 508 bændur fengu þjálfun í bættum ræktunaraðferðum / moltugerð
- 48 fengu 5 daga þjálfun í matreiðslu til að auka næringargildi fæðunnar
- 8 dýrasjúkraliðar voru þjálfaðir
- lyf og áhöld voru útveguð til að meðhöndla 128,683 dýr
- 56 einstæðar mæður fengu nautgripi sem þær greiða fyrir þegar afurðir fást
- 293 einstæðar mæður fengu 2 hænur og 1 hana hver
- 250 bændur fengu þjálfun í umhverfisvernd
- hlaðnir voru 15m³ af stífluveggjum til að hindra alvarlegt landrof
- þúsundir græðlinga voru ræktaðar í ræktunarstöðvum og dreift til bænda
- ein ný ræktunarstöð var búin til 2015

3. Að auka völd og áhrif kvenna

- Funda með samfélaginu
- Þjálfa konur í atvinnurekstri
- Veita fátækum konum lán til atvinnurekstrar

Gert 2014 og fyrstu 6 mánuði 2015:

- Námskeið fyrir 1258 karlar og konur um valdeflingu kvenna

- 15 sparnaðar- og lánaþópum kvenna komið á laggirnar fyrir 320 konur
- 180 konur fengu örlán til að hefja eigin atvinnurekstur
- 3 daga vinnustofa haldin fyrir 86 skoðanaleiðtoga um leiðir til að afnema skaðlegar venjur eins og limlestingar á kynfærum kvenna og að gefa stúlkur barnungar í hjónaband
- 8 sjálfbóðaliðar fengu fræðslu um hugmyndafræði sjálfbærni og þátttökustjórnun

Úganda

Á verkefnasvæðum Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda leggst vatnsskortur, fátækt og útbreiðsla HIVsmits og alnæmis á eitt um að gera fólki lífið erfitt. Alnæmissjúkir falla frá eftir erfið veikindi og eftir standa munaðarlaus börn og aldnar ekkjur með barnabörn á framfæri sínu.

Stuðningsnet samfélagsins er grísjótt þar sem svo margir eru fallnir frá og hver hefur nóg með sig. Kraftur til vinnu er lítill vegna veikinda og tími aðstandenda til tekjuöflunar með ræktun eða öðrum leiðum er lítill þar sem tíminn fer að mestu í að hugsa um þá veiku og langt er að sækja vatn þó ekki sé nema til lágmarksneyslu daglega. Vatnsskorturinn kemur svo í veg fyrir persónulegt hreinlæti og að áhöld og hífýli séu þrífín. Óhreinlætið ýtir undir að þeir sem hafa skert ónæmiskerfi eins og alnæmissjúklingar fái umgangspæstir og sýkist af sjúkdómum sem berast með vatninu.



RACOBAAO og Lúterska heimssambandið – bætt lífskjör HIVsmitaðra, alnæmissjúkra, aðstandenda þeirra og eftirlifenda

Hjálparstarf kirkjunnar hefur frá árinu 2006 tekið þátt í verkefnum í þágu HIVsmitaðra, alnæmissjúkra, aðstandenda þeirra og eftirlifenda í þremur héruðum í Úganda; Rakai, Lyantonde og Sembabule. Samtökin Rakai Community Based AIDS Organization (RACOBAAO) sem spröttin eru upp úr starfi Lúterska heimssambandsins, reka starfið í Rakai og Lyantonde en Lúterska heimssambandið vinnur verkið í Sembabule.

Þáttur Hjálparstarfsins í annars fjölþættara og stærra verkefni þessara tveggja samtaka:

- 1) að byggja íbúðarhús, fristandandi eldhús með sparhlóðum, gera þvottaaðstöðu við hvert hús og deila út helsta húsbúnaði.
- 2) að bæta aðgang að hreinu vatni til heimilisnota með því að koma upp söfnunartönkum fyrir rigningrvatn af húspökum.
- 3) að auka vitund um hreinlæti og tengsl þess við góða heilsu með fræðslu og með því að reisa kamra.

Verkefnið var áætlað til þriggja ára, 2013–2015, en ekki fékkst stuðningur frá utanríkisráðuneytinu fyrir verkefninu árið 2015 og lauk því þess vegna á starfsárinu 2014–2015 en þá var 16.692.178 krónum varið til þess.

Markhópur verkefnisins er fyrst og fremst börn sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi og búa ein sem, HIVsmitaðir einstæðir foreldrar og ömmur sem hafa börn á framfæri og búa við sára fátækt. Í heild nær verkefnið til yfir 1200 skjólstæðinga.



Áhersla er lögð á að bæta lífsskilyrði fólksins með því að reisa íbúðarhús með grunnhúsbúnaði, eldaskála með hlóðum sem spara eldsneyti og helstu áhöldum. Reistir eru kamrar og fólkið frætt um samband hreinlætis og smithættu og hvernig bæta má hreinlætisaðstöðu. Aðgangur að hreinu vatni er aukinn til muna með því að koma upp rigningarvatnssöfnunartönkum við hlið íbúðarhúsanna og með viðhaldi á brunnnum í héruðunum. Fólkið fær svo geitur og hænur til að auka fæðuval og möguleika á tekjuöflun.

Á árinu 2014 voru reist 6 múrsteinshús með 6000 lítra vatnstönkum og 8 múrsteinshús með 4000 lítra vatnstönkum. Húsin eru hlaðin úr múrsteinum og múruð utan og innan og þurfa ekki viðhald fyrstu árin. Þau eru í tveimur stærðum, fyrir minni og stærri fjölskyldur. Kamrar sem reistir eru við hlið húsa eru með steyptu gólfi og hlaðnir úr múrsteini. Fólkið býr til handþvottaadstöðu hjá kömrunum.

Af húsbúnaði og eldhúshöldum sem dreift var á árinu má nefna moskítónet, dýnur, hillur, vaskaföt, hreinlætisvörur, vatnsbrúsa, pönnur, potta, diska og bolla. Fólkið lærir að gera þvottagrindur og halda áhöldum hreinum. Þá er geitum og hænum dreift til þeirra verst settu sem þannig fá fjölbreyttari fæðu, kjöt, egg og mjólk og geta jafnvel selt umframafurðir sem bætir afkomuna.

Unnið var að endurbótum á 4 vatnsbrunnnum og 3 vatnssöfnunartjörnum sem 1643 manns nýta. Haldnir voru 20 fræðslufundir sem um rétta meðhöndlun vatns og brunna og um ábyrgð þeirra sem nota brunnana. Á fundunum var meðal annars rætt um hvernig fólkið getur sótt rétt sinn gagnvart héraðsýfirvöldum um aðgang að hreinu vatni.

Á þriðja tug fræðslufunda voru haldnir til að auka meðvitund um nauðsyn hreinlætis, smitleiðir sjúkdóma og rétta meðhöndlun vatns. Vitundarvakning um nauðsyn hreinlætis fór fram í mörgum þorpum þar sem samkeppni var um hreinlæti og góða umgengni. Heimili og umhverfi í hverju þorpi voru metin og verðlaun veitt þeim sem best komu út. Fjögur þorp fengu verðlaun sem fyrirmyndarþorp vegna þess að 100 % heimila höfðu tekið í notkun kamra og fyllsta hreinlætis var gætt í alla staði.

Lífsskilyrði munaðarlausra barna sem búa ein og fólks með HIV/alnæmi sem njóta góðs af verkefninu batna til muna. Almennt má segja að börnin fá sjaldnar niðurgang og aðrar pestir og heilsan verður betri. Hreint vatn og betra hreinlæti styrkir og bætir virkni lyfja sem HIVsmitaðir og alnæmissjúkir nota. Árangur á öllum sviðum verður meiri þegar fólk er komið með húsaskjól, getur læst að sér, hefur vatn og betri heilsu. Fulltrúi staðaryfirvalda sem sagði við afhendingu eins hússins á starfsárinu að nýju húsin sem fólk sem lifir með

HIV fengi að njóta ættu janfsterkan þátt í að endurreisa von með fólki eins og lyfin sem halda veirunni í skefjum.

Tvö ungmenni frá verkefnasvæðinu voru á Íslandi í 5 vikur í október og nóvember 2014. Þau heimsóttu börn í fermingarfræðslu um allt land, hópa eldir borgara og nokkra framhaldsskóla. Þau fræddu um lífið í Úganda, mismunandi hlutverk kynjanna, menningu, siði og venjur. Einnig sögðu þau frá framþróun og menntur- og starfsmöguleikum ungs fólks í Úganda. Með slíkum heimsóknum viljum við milliliðalaust gefa fólki tækifæri til að heyra um það sem gengur vel og einnig um slæmar aðstæður og hvernig má bæta úr. Þau sem komu eru vel menntuð og frábært dæmi um að ekki eru allir í Afríku „fátækir og þurfandi“ en við teljum mikilvægt að gefa ekki einsleita mynd af Afríku.

Á landsmóti Æskulýðsfélaga Þjóðkirkjunnar í október 2014 var safnað fyrir verkefninu í Úganda og söfnuðust 314.000 krónur. Æskulýðsfélög á Austurlandi bættu við 278.000 krónum og þannig lögðu Æskulýðsfélög Þjóðkirkjunnar 592.000 krónur til verkefnisins.

Neyðaraðstoð

Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að ACT Alliance, Alþjóðahjálparstarfi kirkna og kirkjutengdra samtaka sem ásamt því að vinna að þróunarsamvinnu veitir neyðaraðstoð í kjölfar náttúruhamfara og vegna vopnaðra átaka. Aðstoðin er veitt án skilyrða og aðgreiningar og fer fram eftir alþjóðlegum stöðlum um neyðaraðstoð og ströngum siðareglum. Í lok júlí 2014 skoraði Hjálparstarfið og ACT Alliance á íslensk stjórnvöld að beita pólitískum þrýstingi á alþjóðavettvangi og beita öllum tiltækum ráðum til að stöðva átökin á Gaza. Framkvæmdastjóri fór á allsherjarþing ACT í október en þá hittust 250 fulltrúar 140 kirkjutengdra hjálparstofnana. Stefna samtakanna til 2018 var rædd og samþykkt en framtíðarsýn ACT *er mannleg reisin og farsælt líf fyrir alla.*

Samstarf og fundir um þróunarmál

Hjálparstarfið tók þátt í fjölbreyttu samstarfi mannúðarsamtaka á starfsárinu:

Samstarfsfundur kirkjutengdra hjálparstofnana á Norðurlöndum

Fundurinn var haldinn í Svíþjóð í ágúst 2014. Rætt var um sameiginleg hagsmunamál og samstarf á vettvangi Alþjóðahjálparstarfs kirkna – ACT Alliance. Sem fyrr var tilgangurinn að miðla og læra af reynslu hvers annars.

Samráðsvettvangur íslenskra mannúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu, SÍMAH

Þátttakendur eru ABC-barnahjálpar, Barnaheill – Save the Children, Hjálparstarf kirkjunnar, Rauði kross Íslands, Samband íslenskra kristniboðsfélaga, SOS-barnaþorp og UN

Women. Reglulegir samráðsfundir samtakanna eru mikilvægur vettvangur til að skiptast á upplýsingum um starfsemi og áætlanir hverra samtaka fyrir sig.

Samstarfsráð utanríkisráðuneytisins

Fulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar er meðal varamanna fimm fulltrúa SÍMAH sem eiga sæti í 15 manna samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu á vegum utanríkisráðuneytisins. Skipað var í ráðið fyrir árin 2014–2017 en í því eru einnig fulltrúar atvinnulífs og háskóla-samfélagsins. Ráðið er utanríkisráðherra til ráðgjafar um þróunarmál.

Þróunarsamvinna ber ávöxt

Unglingsstúlkur í fátækustu löndum heims voru í brennidepli í kynningarviku frjálsra félagasamtaka og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands 6. til 11. október 2014 undir heitinu *Sterkar stelpur – sterk samfélög*. Ýmsir viðburðir sem miðuðu að því að efla vitund barna og unglunga um mikilvægi stelpna í samfélaginu voru skipulagðir í kynningarvikunni en þar má nefna baráttuhátíð í Hörpu, tónleikahátíð KÍTÓN, Skype fundi íslenskra skólabarna við börn í þróunarríkjunum, myndbandasamkeppni og vatnsfötuáskorun á facebook þar sem fólk var hvatt til að ganga með tíu lítra fötu tíu metra.

Breytendur – Changemaker á Íslandi

Breytendur – Changemaker á Íslandi – eru ungliðahreyfing Hjalparstarfs kirkjunnar. Hreyfingin hóf störf árið 2006 og fagnar því 10 ára afmæli á næsta ári. Alþjóðlega Changemakerhreyfingin á rætur sínar í Noregi en þar og í Finnlandi er hreyfingin sérlega öflug. Breytendur vilja fræðast um og hafa áhrif á stöðu fátækari þjóða heims. Hreyfingin er jafnframt vettvangur fyrir ungt fólk sem vill hafa áhrif og vera þátttakendur í lýðræðis-samfélagi.

Markmið Breytanda (Breytönd í nf. et.) er að koma auga á þær hindranir sem ríkari þjóðir heims setja vitandi eða óafvitandi í veg þeirra fátækari og benda á aðgerðir sem hægt er að ráðast í hér á landi og sem hefðu áhrif út fyrir landsteinana. Breytendur vilja beita skapandi hugsun og aðgerðum til að vekja athygli á málefnum sem á þeim brenna hverju sinni.

Í gegnum tíðina hafa loftslagsbreytingar af mannavöldum verið Breytöndum ofarlega í huga. Hreyfingin hefur staðið fyrir undirskriftasöfnunum og gjörningum til þess að vekja athygli á þeirri miklu ógn sem hnattræn hlýnum er við lífsskilyrði þeirra sem minnst mega sín á heimsvísu.

Um þessar mundir leggja Breytendur áherslu á að bregðast við áformum um olíuvinnslu á Drekasvæðinu en hreyfingin telur leit eftir olíu þar ganga þvert gegn markmiði Sameinuðu þjóðanna um að halda hækkun hitastigs jarðar innan við 2 gráður á Celsius. Til að það markmið gangi eftir má ekki brenna meira en 30% af allri þeirri olíu sem þegar er fundin. Niðurstæða milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) er að draga verði úr fjárfestingum í olíu og öðrum kolefnaiðnaði um 20 prósent ár hvert. Breytendur telja því gríðarlega óábyrgt að fjárfesta í olíuvinnslu með gróðavon í huga án tillits til hins hnattræna samhengis.

Á starfsárinu hélt hreyfingin áfram baráttu sinni gegn olíuvinnslu í lögsögu Íslands í samstarfi við ýmsa náttúruverndarhópa. Sunnudaginn 21. september 2014 var gengin Loftslagsganga frá „Drekasvæðinu“, nálægt söluturninum Drekanum við Frakkastíg, niður á Austurvöll þar sem barátta gegn olíuvinnslu var sett á oddinn. Gangan heppnaðist mjög vel en sambærilegar göngur voru gengnar um allan heim sama dag, sú stærsta í New York en í henni tóku fleiri en 300.000 manns þátt. Um kvöldið stóðu Breytendur einnig fyrir tónleikum í tónlistarþróunarmiðstöð Reykjavíkur. Auk þess kynntu Breytendur afstöðu sína fyrir stjórnmalaflokkum og undirskriftasöfnun fór fram á Changemaker.is. Samfylkingin tók á árinu fyrstur íslenskra stjórnmalaflokka þá ákvörðun að leggjast gegn áformum um olíuvinnslu.

Breytendur á Adrenalíni er hópur ungmenna sem starfar innan og utan Laugarneskirkju í anda Changemaker. Í vetur stóð hópurinn fyrir vel sóttri meðmælagöngu fyrir trúfrelsi og áhugaverðum umræðum fulltrúa ólíkra trúar- og lífskoðunarhópa um umburðalyndi og mannréttindi í landinu.



Breytendur hafa í gegnum tíðina lagt áherslu á að kynna hugtakið *Sanngjörn viðskipti* eða *Fairtrade*, sem stendur fyrir vottun á innflutningsvörum um að tryggt sé að framleiðendur fái greidd sanngjörn laun og vinni við mannsæmandi skilyrði. Í fyrra bentu Breytendur á að framleiðsla súkkulaðis í íslenskum páskaeggjum væri ekki vottuð. Í framhaldinu leitaði Nói Siríus eftir og fékk quality cocoa for a better life-vottun á sína framleiðslu en sú vottun er sambærileg Fairtradevottuninni.

Breytendur hafa hvatt Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög til þess að bæta sorphirðu með aukinni flokkun og þótti þeim framfaraskref að sjá marghólfa ruslatunnur spretta upp á nokkrum stöðum í borginni auk þess sem áform um að bjóða upp á flokkunartunnur við heimili hafa verið kynnt.

Í stjórn Breytanda á Íslandi sitja nú 10 manns. Meðal verkefna hópsins er að fara í skóla og kirkjur og kynna starfið. Málefni eru rædd á vikulegum fundum yfir vetrartímann og árlega er haldið helgarmót sem nefnist Fjaðrafok. Árið 2014 var mótið í júlí og komu þá gestir frá Noregi og Finnlandi á mótið sem haldið var í Lækjarbotnum. Árið 2015 var mótið haldið í Lækjarbotnum í apríl.

Fulltrúar Breytanda sóttu mót í Finnlandi og Noregi í alls fjórum ferðum á starfsárinu. Nú eru uppi áform um sameiginlegt verkefni í löndunum þremur vegna loftslagsráðstefnunnar í París í desember næstkomandi en þá á enn að freista þess að ná bindandi samkomulagi um útblásturstakmarkanir. Það eru spennandi tímar framundan í starfi Breytanda og við bjóðum áhugasama hjartanlega velkomna!

Verkefni innanlands

Í alþjóðlegum samanburði á fátækt í samtímanum stendur Ísland vel að vígi en árið 2013 mældist hlutfall þeirra sem skortir efnisleg gæði hér á landi það fimmta lægsta í Evrópu. Í Félagsvísunum Hagstofu Íslands (Hagtíðindi, 2015: 6) segir að hlutfall fólks sem skortir efnisleg gæði hafi lækkað milli árana 2013 og 2014 úr 6,6% í 5,5% en jafnframt er tekið fram að mikill munur sé á aðstæðum fólks eftir atvinnustöðu þess.

Árið 2014 skorti 23% öryrkja efnisleg gæði sem er sama hlutfall og árið 2013 og er það hæsta hlutfall sem mælst hefur hjá þessum hópi þau ár sem lífskjararannsókn Hagstofu Íslands nær til eða aftur til ársins 2004. Hlutfall atvinnulausra sem búa við skort á efnislegum gæðum minnkaði hins vegar úr 21,1% árið 2013 í 12,5% árið 2014. Einstæða foreldra og börn þeirra skortir mun frekar efnisleg gæði en þá sem búa á heimilum tveggja fullorðinna og tveggja barna, 20,3% samanborið við 4,6%. Þá skorti 15,1% einstaklinga sem búa einir og eru yngri en 65 ára efnisleg gæði árið 2014 (Hagtíðindi 2015:6).

Árið 2014 bjuggu 1,3% landsmanna eða um 4300 manns við verulegan skort á efnislegum gæðum en þá býr fólk við fernt af eftirfarandi: Að hafa lent í vanskilum með lán, ekki haft efni á fríu með fjölskyldunni, ekki haft efni á kjöt-, fisk-, eða grænmetismáltíð annan hvern dag, hafa ekki getað mætt óvæntum útgjöldum, ekki haft efni á heimasíma eða farsíma, sjónvarpstæki, þvottavél, bíl eða nægjanlegri húshitun (Hagtíðindi 2015:4). Fólk sem býr við slíkan skort er í sérstaklega viðkvæmri stöðu í samfélaginu og í aukinni hættu á félagslegri einangrun.

Margt af því fólki sem leitaði til Hjálparstarfs kirkjunnar á starfsárinu 2014–2015 hefur gert það síðan fyrir hrun bankakerfisins árið 2008. Öryrkjar sem búa við fátækt og einstæðar tekjulágar mæður voru þá og eru enn í miklum meirihluta þeirra sem til stofnunarinnar leita en eins og ofangreind tölfræði Hagstofunnar sýnir búa þessir hópar fólks helst við fátækt á Íslandi nú. Á meðan fjárhagsleg staða annarra hópa hefur breyst til batnaðar hafa úrræði sem til eru í samfélaginu ekki dugað til þess að fólkið sem til stofnunarinnar leitar komist út úr vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar.

Í gegnum aldirnar hefur hjálp til fátækra mikið til verið í formi samhjálpar og ölmusu. Til þess að breyta viðvarandi fátækt er hins vegar mikilvægt að samfélagið allt breyti viðhorfi sínu til fátækra og aðstoð þeim til handa. Notendasamráð skiptir sköpum því þegar fólk finnur að það hefur eitthvað um aðstæður sínar að segja eflist sjálfstraust og upplifun fólks breytist frá því að finnast það vera þiggjandi í að vera þátttakandi í samfélaginu.

Hlutverk Hjálparstarfs kirkjunnar er að veita fólki í neyð efnislega aðstoð og félagslega ráðgjöf. Sem sjálfseignarstofnun hefur Hjálparstarfið svigrúm til þess að laga aðstoðina að þörfum einstaklinganna sem til stofnunarinnar leita. Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins leitast við að nálgast fólk á forsendum þess sjálfs og tvinna saman efnislegan stuðning og valdeflingu. Þeir leggja áherslu á að haga starfinu þannig að það leiði til raunverulegra breytinga í lífi fólks.

Eitt meginmarkmið Hjálparstarfsins er að draga úr hættunni á félagslegri einangrun þeirra sem til stofnunarinnar leita. Aðferðin til þess að ná markmiðinu er að bjóða upp á

sjálfstyrkingar- og færninámskeið, skipulögð sumarfrí fyrir efnalitlar barnafjölskyldur og skipulagða samveru með ræktun grænmetis í matjurtargörðum, styrki vegna skólagöngu barna, unglinga og fólks í endurhæfingu og vegna íþróttaiðkunar barna og tómstundastarfs þeirra.

Efnislegur stuðningur

Samvinna er við presta, félags- og námsráðgjafa um allt land en faglegt mat félagsráðgjafa Hjálparstarfsins liggur til grundvallar efnislegum stuðningi sem veittur er án tillits til trúar, þjóðernis, litarháttar, kyns eða lífsskoðana.

Inneignarkort í matvöruverslanir

Allt frá því að Hjálparstarfið hóf að veita bágstöddum mataraðstoð upp úr 1990 og til ársins 2011 fólst aðstoðin í að útdeila tilbúnum matarpökkum en í maí það ár breytti stofnunin um aðferð. Nú veitir Hjálparstarfið efnalitlum aðstoð við að halda heimili með því að láta þeim í té inneignarkort í matvöruverslanir. Breytingarnar voru gerðar eftir samráð við þá sem til stofnunarinnar leita en markmiðið er að koma betur til móts við þarfir fólks, að það eigi kost á matarföngum að eigin vali en þurfi ekki að bíða í biðröð eftir matarpoka.

Faglegt mat félagsráðgjafa Hjálparstarfsins og framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara liggja til grundvallar þegar ákvörðun um efnislegan stuðning er tekin. Öllum umsóknum fylgja gögn um tekjur og fastaútgjöld umsækjenda. Sé upphæðin sem afgangur er þegar útgjöld hafa verið greidd lægri en viðmið umboðsmanns skuldara um upphæð til lágmarksframfærslu fær umsækjandi aðstoð hjá Hjálparstarfinu. Félagráðgjafar ákveða upphæð aðstoðar hverju sinni og hversu oft skuli lagt inneignarkort hjá hverjum og einum yfir ákveðið tímabil. Að tímabilinu liðnu býðst umsækjanda að koma aftur með uppfærð gögn og staðan er metin að nýju.

Vegna takmarkaðs fjármagns er fullorðnum barnlausum einstaklingum á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum beint til annarra aðila sem aðstoða fólk um matarföng en þar sem Hjálparstarfið er eitt að störfum njóta tekjulágir einstaklingar einnig aðstoðar með inneignarkortum í matvöruverslanir.

Á starfsárinu 2014 – 2015 nutu 2.176 fjölskyldur aðstoðar hjá Hjálparstarfinu í 4.498 skipti. Má reikna með að 5.875 einstaklingar (fjöldi umsókna x 2,7 í fjölskyldu að meðaltali) hafi notið aðstoðarinnar þegar börn og makar umsækjenda eru talin með. Að meðaltali naut hver fjölskylda aðstoðar í 2,1 skipti á árinu.

Jólaaðstoð

Markmiðið með sérstakri aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir jól er að gera fólki kleift að gera sér dagamun, gleðjast með fjölskyldunni yfir hátíðirnar og stuðla að aukinni félagslegri virkni. Aðstoðin sem veitt er tekur mið af aðstæðum hvers og eins og er fyrst og



fremst í formi inneignarkorta fyrir matvöru en einnig fær fólk í neyð inneignarkort fyrir fatnaði og aðgögnumiða í leikhús og / eða bíó eða inneignarkort hjá vinsælum veitingastöðum meðal barna og unglínga. Hjálparstarfið hélt auk þess jólaball fyrir skjólstæðinga stofnunarinnar.

Á svæðum þar sem öðrum hjálparsamtökum er til að dreifa einskorðar Hjálparstarfið aðstoðina við barnafjölkyldur sem búa við kröpp kjör. Á landsbyggðinni þar sem Hjálparstarfið er eitt að störfum er einstaklingum einnig veitt sérstök aðstoð fyrir jól.

Fyrir jól 2014 var aðstoð á höfuðborgarsvæðinu veitt í samvinnu við Hjálpræðisherinn í Reykjavík sem tók þátt í skráningu umsókna hjá Hjálparstarfinu. Gott samstarf um jólaaðstoð var milli Hjálparstarfs kirkjunnar, Hjálpræðishersins, Mæðrastyrksnefndar og Rauða krossins á Eyjafjarðarsvæðinu og í Árnessýslu. Eins og fyrr gat fólk einnig leitað til presta um land allt.

Alls bárust 1.455 umsóknir um aðstoð fyrir jól 2014 eða 25 umsóknum færri en fyrir jól 2013. Í heild er áætlað að 3.929 einstaklingar hafi notið aðstoðarinnar (miðað við 2,7 í fjölskyldu að meðaltali). Fjöldmörg fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar veittu styrki til verkefnisins. Vinnuframlag sjálfboðaliða við skráningu umsókna fyrir jól er jafnframt ómetanlegt.

Aðstoð vegna kaupa á lyfjum og gleraugum

Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar fólk í neyð þegar sýkingar eða veikindi kalla á óvænt útgjöld vegna lyfjakaupa. Hvorki er þó greitt fyrir lyf sem notuð eru að staðaldri né fyrir þríhyrningsmerkt eða ávanabindandi lyf.

Á starfsárinu 2014 – 2015 nutu 593 einstaklingar aðstoðar við lyfjakaup eða um 50 manns á mánuði. Um 80% þeirra voru fullorðnir einstaklingar. Fyrir lyf sem aðstoðað er um greiðir Hjálparstarfið beint til lyfjaverslana. Stuðningur vegna gleraugnakaupa er fyrst og fremst ætlaður börnum og ungmennum en einnig fullorðnum sem sækja um námsstyrk frá Hjálparstarfinu. Lyf og Heilsa studdi lyfjaaðstoð Hjálparstarfsins með rúmlega þriggja milljóna króna framlagi á starfsárinu.

Fataúthlutun – ómetanlegt framlag öflugra sjálfboðaliða

Hjálparstarfið úthlutaði fatnaði til skjólstæðinga í 609 skipti á árinu, þarf af í 168 afgreiðslum í desember. Í viku hverri starfa milli 10 og 20 sjálfboðaliðar hjá Hjálparstarfinu. Á þriðjudögum starfa þeir við fataúthlutun og á miðvikudögum við að taka fatnað sem berst upp úr pokum, flokka hann og setja í hillur á lager Hjálparstarfsins á Háaleitisbraut 66, Reykjavík.

Um haust 2014 stóð Rótarýklúbburinn eRótarý Ísland fyrir fatasöfnunarátaki á Facebook á síðunni Gefðu barni hlýju og tókst átakið með eindæmum vel. Mikið af gæðafatnaði hefur borist Hjálparstarfinu síðan átakið hófst.

Velferð barna

Árið 2014 stundaði þriðjungur barna á Íslandi ekki reglulega tómstundaiðju. Fjárhagsleg

afkoma foreldra skiptir máli en í fyrra stunduðu 37% barna í lægsta fimmtungi tekjudreifingarinnar ekki reglulega tómstundaiðju samanborið við 18,5% í hæsta fimmtungnum (Hagtíðindi 2015:2).

Hjálparstarfið leggur áherslu á að styðja börn sérstaklega með það að markmiði að styrkja sjálfsmynd þeirra og auka virkni þeirra og þátttöku í samfélaginu; að sjá til þess að efnislegur skortur takmarki ekki möguleika þeirra til farsæls lífs.

Um 170 börn nutu stuðnings Hjálparstarfsins á síðasta starfsári vegna íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstundastarfs. Með það að markmiði að stuðla að jákvæðri og uppbyggilegri samveru fjölskyldunnar voru aðgangskort gefin í Fjölskyldu- og húsdýrargarðinn sem og bíómiðar, leikhúsmiðar og boðskort á veitingastaði sem eru vinsælir meðal barna og unglinga.

Í vor fengu fjölskyldur aðstoð frá Myllunni og sjálfboðaliðum við að baka kökur og búa til tertur í fermingar- og stúdentsveislur. Foreldrar 15 barna fengu styrk til að senda þau í sumarbúðir. Þá hafði Hjálparstarfið einnig milligöngu um að lána barnafjölskyldu sem býr við kröpp kjör sumarbústað í einkaeigu.

Í júní tóku 19 fjölskyldur víðsvegar að af landinu þátt í verkefninu Samvera og góðar minningar - 5 daga sumarfrí fyrir barnafjölskyldur við Úlfjótuvatn. Dagskráin var fyrst og fremst miðuð við börn á aldrinum eins til fjórtán ára og mæður þeirra. (sjá nánar undir liðnum sjálfstyrkingarnámskeið og hópastarf).

Framtíðarsjóður

Úr Framtíðarsjóði Hjálparstarfs kirkjunnar eru veittir styrkir til ungmenna sem orðin eru sjálfráða og vilja hefja eða ljúka framhaldsskólanámi sem gefur þeim réttindi til starfs eða inngöngu í háskóla. Markmiðið með styrkveitingu úr sjóðnum er að rjúfa vítahring lítillar menntunar, lágra launa og viðvarandi fátæktar.

Á starfsárinu fengu alls 76 ungmenni í 14 framhaldsskólum í 11 sveitarfélögum styrk úr Framtíðarsjóði til greiðslu skólagjalda og fyrir bóka- og efniskostnaði. Meðalupphæð hvers styrks var 32.204 krónur.

Valdefling

Hjálparstarf kirkjunnar starfar í anda hugmyndafræði um valdeflingu og leitast við að styðja fólk við að ná valdi yfir aðstæðum sínum, bæta félagslega stöðu sína og almenn lífs-gæði.

Ráðgjöf

Félagsráðgjafar taka á móti fólki sem leitar eftir efnislegum stuðningi hjá Hjálparstarfinu, ræða við það og benda á úrræði í samfélaginu sem kunna að gagnast því við að komast út úr erfiðum aðstæðum. Fjálmálaráðgjafi frá fyrirtækinu Velgengni veitir ráðgjöf í sjálfboðavinnu á hverjum föstudagsmorgni og frá áramótum 2014–2015 hefur sálusorgun og sáttamiðlun verið í boði á mánudögum og fimmtudögum. Haustið 2014 mættu ensku- og

pólskumælandi félagsráðgjafar Reykjavíkurborgar á miðvikudögum og veittu innflytjendum ráðgjöf sérstaklega.

Sjálfstyrkingarnámskeið og hópastarf

Hjálparstarf kirkjunnar leggur áherslu á að hjálpa fólki til sjálfshjálpar þannig að það finni styrk sinn og geti notað hann til að taka ákvarðanir um eigið líf. Bætt sjálfsmynd stuðlar að meiri virkni sem svo aftur styrkir sjálfsmyndina enn frekar. Efnislegur stuðningur getur verið nauðsynlegur til þess að takast á við erfiðar aðstæður en til þess að komast út úr víta-hring fátæktar og félagslegrar einangrunar þarf að takast á við aðstæður á breiðum grunni. Undanfarin misseri hefur Hjálparstarfið þróað starfið til þess að svara sem best þörfum þeirra sem til stofnunarinnar leita.



Á starfsárinu voru eftirfarandi námskeið og verkefni skipulögð:

- Á haustönn 2014 tóku tuttugu konur þátt sjálfstyrkingarnámskeiði sem bar yfirheitið *Bara fyrir þig* og haldið var einn dag í viku í tíu vikur í samstarfi við Hjálpræðisherinn á Íslandi. Á námskeiðinu var meðal annars boðið upp á kennslu í snyrtingu og umönnun húðar, fönður- og skartgripagerð og fjármálastjórn heimilisins. Sjálfstyrkingarþátturinn var stór með hópefli og verkefnavinnu undir leiðsögn sér Irmu Sjafnar Óskarsdóttur.
- Námskeiðið *Sjálfstyrking og sköpun* var haldið um vor 2015 í samstarfi við Hjálpræðisherinn í Reykjavík en markmiðið með því var að konur á höfuðborgarsvæðinu sem leita til Hjálparstarfsins gætu byggt upp jákvæða sjálfsmynd. Námskeiðið var á þriðjudögum í 10 skipti. Á dagskrá var jákvæð sálfræði, að elda saman, handverk og fleira.
- *Öflug og vel tengd* er yfirskrift tíu vikna hópastarfs sem fram fer vor og haust 2015 fyrir konur í Breiðholti sem búa við fátækt og félagslega einangrun. Rauði þráðurinn í verkefninu er að efla sjálfstraust og tengslanet kvennanna í hverfinu. Markmiðið er að þær kynnist úrræðum í nærsamfélaginu.
- Verkefnið *Að rækta garðinn sinn*, matjurtarækt og námskeið um ræktun, næringargildi, matreiðslu og geymslu grænmetis er tilraunaverkefni í samstarfi við Hjálpræðisherinn á Íslandi. Það hófst í maí og lýkur í september 2015 og er ætlað að stuðla að samveru fjölskyldunnar, útivist, hreyfingu, góðri næringu, verkkunnáttu og bættri sjálfsmynd barna jafnt sem foreldra. Um 100 manns eða 39 fjölskyldur af höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesi og á Akureyri taka þátt í verkefninu.
- *Samvera og góðar minningar* – skipulagt sumarfrí fyrir barnafjölskyldur var skipulagt í samvinnu við Hjálpræðisherinn á Íslandi í sumarbúðum skáta við Úlfjótsvatn 8.–12. júní 2015. Alls tóku 19 fjölskyldur eða 65 konur og börn þátt í verkefninu en markmiðið með því var að draga úr félagslegri einangrun og stuðla að samveru og gæðastundum efnalítilla fjölskyldna sem svo skapa góðar minningar. Þá var leitast við að byggja

brýr milli menningarheima og stuðla að gagnkvæmri aðlögun fólks af mismunandi uppruna.

Talsmannshlutverk Hjálparstarfs kirkjunnar

Hjálparstarfið er talsmaður fátækra. Félagsráðgjafar og skjólstaðingar taka þátt í fjölbreyttu samstarfi til að vinna á fátækt og félagslegri einangrun, stuðla að opinni umræðu og þrýsta á stjórnvöld um að takast á við fátækt bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. Stofnunin er í þeirri stöðu að geta komið auga á annmarka velferðarkerfisins, hún vekur athygli á þeim og tekur þátt í að finna aðferðir sem duga til að takast á við fátækt og félagslega einangrun þannig að fólk fái lifað með reisn.

Samráðshópur um málefni utangarðsfólks

Hjálparstarfið tekur þátt í samráðshópi Reykjavíkurborgar, stofnana og félaga um málefni utangarðsfólks. Markmiðið er að bæta yfirsýn og auka samvinnu milli faghópa svo að utangarðsfólk fái þá nauðsynlegu grunnþjónustu sem því ber.

Velferðarvaktin

Hjálparstarfið tekur þátt í starfi nýrrar Velferðarvaktar sem félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði í júní 2014. Vaktin er skipuð 32 fulltrúum félagasamtaka og opinberra stofnana. Hlutverk Velferðavaktarinnar er að huga að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna og þá sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra. Vaktinni er ætlað að afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við fátækt svo draga megi úr henni.

Velferðarvaktin starfar í tveimur undirhópum og leiðir félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar hópinn sem fjallar um leiðir til að takast á við sára fátækt. Velferðarvaktin hefur skilgreint viðmið um lágmarksframfærslu sem þá fjárhæð sem er ómissandi fyrir fólk til að geta lifað lífinu með reisn, svo það geti tekið fullan þátt í samfélaginu og sem gerir því kleift ekki aðeins að komast af heldur dafna. Í skýrslu Velferðavaktarinnar í janúar 2015 er stjórnvöldum bent á nauðsyn þess að þau endurskoði forsendur og útreikninga sem liggja að baki fjárhæða til lágmarksframfærslu svo fólk á Íslandi búi ekki við fátækt.

Starfshópur um endurskoðun laga um málefni fatlaðs fólks og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga

Hjálparstarfið tekur þátt í starfshópnum sem mun skila tillögum um breytingar á lögnum á starfsárinu 2015–2016.

EAPN – European Anti Poverty Network á Íslandi

EAPN er evrópskt tengslanet sem fjallar um leiðir til að þróa árangursríkar aðferðir og beita þeim til að vinna bug á fátækt og félagslegri einangrun. Félagsráðgjafar og skjólstaðingar Hjálparstarfsins taka þátt í störfum Íslandsdeildar EAPN. Stofnað var til tengslanetsins í Evrópu árið 1990 en Íslandsdeildin var stofnuð í nóvember 2011. EAPN lítur svo á

að fátækt og félagsleg einangrun séu brot á grundvallarmannréttindum því fátækt gerir fólki ekki kleift að lifa með reisn. Markmiðið er að þrýsta á og kynna stjórnvöldum og stofnunum leiðir til að þróa og beita árangursríkum aðferðum til að fólk komist út úr fátækt og félagslegri einangrun.

Síðstu tvö árin hefur EAPN-tengslanetið leitast við að finna út hvaða lágmarksfjárhæð þarf til framfærslu í hverju Evrópuríki fyrir sig til að fólk geti lifað mannsæmandi lífi. Hanna Björnsdóttir félagsráðgjafi vann Íslandskafla skýrslu sem verður gefin út haustið 2015. Í skýrsludrögum er meðal annars lagt til að miða við að lágmarksupphæð til framfærslu sé 60% af miðgildi tekna í hverju landi eða að hún sé ákveðin prósentu af lágmarks-launum.

EAPN stóð fyrir ráðstefnu í Reykjavík um viðunandi framfærslu í september 2014. Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar var Per K. Larsen, formaður EAPN í Danmörku. Í erindi sínu sagði Larsen að auka þyrfti sveigjanleika á vinnumarkaði og auðvelda fólki sem ekki tekur þátt í honum tímabundið eða til langframa að öðlast aukna færni og efla sjálft sig, það væri fjárfesting fyrir samfélagið í heild. Larsen lagði áherslu á að best væri að líta á greiðslur til þeirra sem ekki eru á vinnumarkaði sem fjárfestingu en ekki sem kostnað sem samfélagið fengi ekki greiddan til baka. Larsen sagði að hættan á félagslegri einangrun væri töluverð ef fólk hefði til ráðstöfunar minna en 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á hverjum stað.

Samstarf og fundir


Aðili að Almannaheillum

Hjálparstarfið á fulltrúa í stjórn Almannaheilla, regnhlífarsamtaka félaga sem vinna í þágu almennings. Aðalfundur var 1. júní 2015.


Aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands

Hjálparstarfið á fulltrúa í stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands. Aðalfundur var 21. maí 2015.


Einstaklingar bak við afgreiðslur




Afgreiðslur eftir aldri (2013-2015)




Afgreiðslur eftir kyni (2013-2015)




Afgreiðslur eftir húsnæði (2013-2015)



Framfærslugrunnur umsækjenda (2013-2015)



Þjóðerni umsækjenda



Fræðsla og fjáröflun

Útgáfa

Fréttablaðið *Margt smátt ...*

Fjögur tölublöð fréttablaðs Hjálparstarfsins *Margt smátt ...* voru gefin út á starfsárinu. Í september 2014 og júní 2015 var blaðið sent 6.000 áskrifendum. Í tengslum við jóla- og páskaöfnun kom blaðið út sem fylgiblað með Fréttablaðinu og sent á flest heimili í landinu.

Vefsíðan [help.is](http://www.help.is) og Facebook

Á vefsíðu Hjálparstarfsins www.help.is er að finna allar helstu upplýsingar um starfið. Facebooksíðan [hjalparstarf.kirkjunnar](http://www.facebook.com/hjalparstarf.kirkjunnar) er notuð í fjáröflunarskyni og til að segja frá starfinu hér heima og erlendis.

Fræðsla

Heimsóknir til hópa

Ýmsar stofnanir, kirkjur og skólar voru heimsóttir til að kynna starfið í máli og myndum. Ungmennin Irene og Ronald komu í heimsókn frá Úganda í október og fræddu tilvonandi fermingarbörn vítt og breytt um landið um aðstæður heima fyrir.

Rödd í miðlum

Starfsmenn sendu inn greinar til birtingar í prent- og vefmiðlum og tóku þátt í umræðum í útvarpi. Fréttatilkynningar voru sendar til fjölmiðla um starfið. Þá svaraði starfsfólk beiðni sjónvarps- og útvarpsfréttamanna um viðtöl vegna samfélagsmála, meðal annars vegna fátæktar, aðstæðna barna og um kostnað vegna skólagöngu og tómsundastarfs.

Fjáröflun

Fermingarbarnasöfnun

Ungmennin Irene og Ronald komu í heimsókn frá Úganda í október og fræddu tilvonandi fermingarbörn vítt og breytt um landið um aðstæður heima fyrir. Fermingarbörn um allt land gengu í hús með bauk Hjálparstarfs kirkjunnar dagana 3.–6. nóvember 2014. Þátttaka í söfnuninni var mjög góð en 61 prestakall var með nú og söfnuðust 8.162.460 krónur. Prestar, annað starfsfólk kirkna, foreldrar og tilvonandi fermingarbörn lögðu á sig mikla vinnu við söfnunina og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir!

Jólasöfnun

Fyrir jól 2014 var safnað fyrir vatnsverkefnum Hjálparstarfsins í Eþíópíu og Úganda. Heildarsöfnunarfé til verkefna erlendis og innanlands í desember og janúar að gjafbréfum meðtöldum var 57 milljónir króna þar af voru 37,3 milljónir eyrnamerktað aðstoð innanlands. Einstaklingar, fyrirtæki, söfnuðir kirkjunnar og samtök standa að baki þessum gjöfum.

Páskasöfnun

Í Páskasöfnun 2015 var safnað fyrir vatnsverkefnum í Eþíópíu og Úganda og söfnuðust 7.909.213 krónur.

Vefsíðurnar [gjofsemgefur.is](http://www.gjofsemgefur.is) og [framlag.is](http://www.framlag.is)

Af gjafabréfasíðunni www.gjofsemgefur.is seldust gjafabréf fyrir 7.454.536 krónur. Af gjafabréfum í boði eru geitur vinsælastar, þá hænur, vatn og skóladót. Af gjafabréfum til styrktar starfinu innanlands voru Framtíðarsjóður, stuðningur við skólabyrjun og jólagjafir á Íslandi vinsæl. Á vefsíðunni www.framlag.is gefur fólk til verkefna að eigin vali. Flestir völdu að gefa til vatnsverkefna í Afríku og næstflestir völdu aðstoð innanlands.

Friðarljós

Friðarljós, útikerti Hjálparstarfsins sem seld eru um jól, áramót og á allra heilagra messu í kirkjugörðum á höfuðborgarsvæðinu og víðar seldust fyrir 6,4 milljónir króna á starfsárinu.

Fjáröflun sókna

Framlag sókna til Hjálparstarfs kirkjunnar nam 7,9 milljónum króna og hefur það hækkað um 1,6 milljón króna á milli ára og kann Hjálparstarfið bestu þakkir fyrir stuðninginn við stofnunina.

Aðrar fjáröflunarleiðir

Í apríl hófst samvinna við Hagkaup um sölu tækifæriskortanna Gleðilegt sumar til stuðnings við börn á Íslandi en uppgjóri er ólokið. Söfnunarsímar Hjálparstarfsins 907 2002 og 907 2003 eru sérstaklega nýttir við skyndisafnanir vegna neyðaraðstoðar. Sala minningarkorta á www.help.is og á skrifstofunni skilar einnig tekjum til starfsins.

Fjármál


Söfnunarfé og útgjöld

Tekjur stofnunarinnar frá 1. júlí 2014 til 30. júní 2015 námu 228,8 milljónum króna. Þrjár safnanir voru á starfsárinu; söfnun fermingarbarna í nóvember og jóla- og páskaöfnun. Fastir styrktarmenn, regluleg framlög presta og sókna, styrktarlínur í fréttablaðið, kertasala, minningarkort og gjafabréf skila starfinu einnig mikilvægum tekjum. Þá hefur Hjálparstarf kirkjunnar notið góðs af stuðningi stjórnvalda við verkefni á sviði þróunarsamvinnu.


Framlög til verkefna

103,1 milljón var varið til þróunarsamvinnu erlendis og 74,6 milljónum var varið til verkefna innanlands. Fræðslu- og kynningarstarf kostaði 10 milljónir. Hjálparstarfið hefur á árinu varið 256,8 milljónum til verkefna og reksturs. Af söfnunarfé sem eftir er í lok starfsársins, 162,8 milljónum króna, hefur stofnunin eyrnamerkt og skuldbundið sig til að greiða um 132 milljónir vegna langtíma verkefna.


Tekjur námu 228,8 milljónum króna



Ráðstöfun til verkefna og kostnaður nam 256,8 milljónum króna



187,7 milljónum króna varið til verkefna



Skipulag, stjórn og starfsfólk

Hjálparstarf kirkjunnar starfar eftir skipulagsskrá undir stjórn fulltrúaráðs; 9 fulltrúa prófastsdæma, 5 fulltrúa kirkjuráðs og breytilegs fjölda fulltrúa prestakalla. Á þessu starfsári voru 60 í fulltrúaráði. Formaður framkvæmdastjórnar er úr þeim hópi sem kirkjuráð kýs. Ráðið fundar tvisvar á ári, á aðalfundi að hausti og fulltrúaráðsfundi að vori. Ráðið kýs framkvæmdastjórn sem fundar að jafnaði tíu sinnum á ári.

Stjórn:

Ingibjörg Pálmadóttir fyrrverandi ráðherra, formaður

Lóa Skarphéðinsdóttir hjúkrunarfræðingur

Páll Kr. Pálsson hagverkfræðingur

Varamenn:

Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur

Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri

Starfsfólk:

Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri

Atli Geir Hafliðason, umsjón með fatalager, sölu Friðarljósa o.fl.

Áslaug Arndal, skrifstofuhald og fósturbörn

Kristín Ólafsdóttir, fræðslu- og upplýsingafulltrúi

Sædís Arnardóttir, félagsráðgjafi í 60% starfi innanlands

Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsstarfs

Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar

Sjálfkjörin samkvæmt skipulagsskrá stofnunarinnar

Frú Agnes M. Sigurðardóttir biskup

Skipaðir af kirkjuráði

Ingibjörg Pálmadóttir
Páll Kr. Pálsson
Lóa Skarphéðinsdóttir
Þorsteinn Pálsson
Kristín Magnúsdóttir

Varamenn kirkjuráðs

Guðbjörg M. Matthíasdóttir
Jón Kristjánsson

Fulltrúar prófastsdæma

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra
Halldór Kristinn Pedersen
Reykjavíkurprófastsdæmi eystra
Valgerður Vigfúsardóttir

Kjalarnesprófastsdæmi
Sr. Erla Guðmundsdóttir
Ásgeir Harðarson

Vesturlandsprófastsdæmi
Sr. Elínborg Sturludóttir
Sr. Aðalsteinn Þorvaldsson

Vestfirjaprófastsdæmi
Hulda Karlsdóttir
Helga Friðriksdóttir

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi
Sigurlaug Guðmundsdóttir

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi
Sr. Guðmundur Guðmundsson
Finnur Baldursson

Austurlandsprófastsdæmi
Sr. Jóna Kristín Þorvaldsdóttir
Jens Garðar Helgason

Suðurlandsprófastsdæmi
Hafsteinn Stefánsson
Örn Arnarson

Fulltrúar kosnir af prestaköllum

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra

Grafarvogssókn
Ingvar Haraldsson

Árbejarsókn
Guðbjörg Helgadóttir

Breiðholtssókn
Gyða Kristófersdóttir

Fellasókn
Gry Ek Gunnarsson

Hólubrekksókn
Valgerður Vigfúsardóttir
Sigurþór Gunnarsson

Seljasókn
Jenetta Bárðardóttir
Matthildur Sverrisdóttir

Digranessókn
Margrét Loftsdóttir
Þórhildur Garðarsdóttir

Hjallasókn
Dýrleif Ingvaradóttir

Kársnessókn

Benedikt Vilhjálmsson
Lindasókn
María Kristín Lárusdóttir

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

Ásókn
Júliana Tyrfingsdóttir

Bústaðasókn
Gunnar Sigurðsson
Magnús Viðar Skúlason

Dómkirkjusókn
Einar Gottskálksson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

Grensásókn
Steinunn Á. Frímannsdóttir
Ágúst Jónatansson

Hallgrímsókn
Guðlaugur Gunnarsson
Sigurður Bjarnason

Háteigssókn
Dúfa S. Einarsdóttir

Langholtssókn
Guðrún Áslaug Einarsdóttir
Anna Þóra Pálsdóttir

Laugarnessókn
Hörður Jóhannesson

Nessókn
Katrín Helga Ágústsdóttir

Seltjarnarnessókn
Margrét Albertsdóttir
Guðmundur Magnússon

Kjalarnesprófastsdæmi

Garðasókn
Kristín Hólm
Torfey Rós Jónsdóttir

Suðurlandsprófastsdæmi

Ofanleitissókn
Sigríður Kristjánsdóttir
Guðbjörg Matthíasdóttir

Vesturlandsprófastsdæmi

Akranessókn
Sigríður Kr. Valdemarsdóttir
Ragnheiður Grímsdóttir

Stafholtsókn
Sr. Elínborg Sturludóttir

Eyjafjarðarprófastsdæmi

Akureyrarsókn
Jón Oddgeir Guðmundsson

Lögmanshlíðarsókn
Baldur Dýrfjörð

Þingeyjarprófastsdæmi

Húsavíkursókn
Guðbergur Rafn Ægisson

Heimasíða: www.help.is
Facebooksíða: hjalparstarf.kirkjunnar
Gjafabréf: www.gjofsemgefur.is
Framlög: www.framlag.is
Ungliðahreyfingin Breytendur: www.changemaker.is